



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Landbúnaður Bændur eru í þróngri stöðu vegna vaxta og hærri gjalda. Ungt fólk í greininni ræður nú ráðum sínum.

# Matvælaframleiðslan er orðin sjálfboðastarf

## ● Vandi víða í landbúnaði ● Ungbændur vilja aðgerðir

Sigurður Bogi Sævarsson  
sbs@mbl.is

„Þvert yfir í landbúnaði er sáraltíl geta til launagreiðslna, hvað þá frekari fjárfestinga. Fjöldi bænda horfis



Steinþór Logi  
Arnarsson

nú í kringum sig og heir hafa jafnvæl áhuga á því að rúa á ný mið. Spyrrja sig að því hvort verjandi sé að stunda matvælaframleiðslu í sjálfboðastarfí

þegar að öllu leyti er óljóst

hvort staðan

vænkist eithváð í nánustu framtíð,“ segir Steinþór Logi Arnarsson formaður Samtaka ungra bænda.

Á fimmudag verður í Salnum í Kópavogi haldinn baráttufundur sem ber yfurskriftina *Laun fyrir lífi - ungra benda og íslenskra sveita*. Tilefnið er sú erfða staða sem nú er uppi í landbúnaði.

### Vantar 12,1 milljarð kr.

Bendasamtök Íslands hafa kynnt stöðuna fyrir stjórnvöldum og sendu fyrir helgina erindi til fjárlaganeftnar Alþingis um þessi mál. Þar kemur fram að inn i módelið sem til dæmis mjólkurframleiðslan í landinu

starfar eftir vanti í ár 4,2 milljarda kr. og í sauðfjárræktina 2,3 milljarda. Alls vanti um 12,1 milljarð kr. inn í landbúnaðinn og því gera samtök bænda þá kröfu að ríkið bæti brestinn, rétt eins og lagaskylða segi til um. Hafa ber í huga að það er fyrir utan launaliðinn og því um höflega útreikninga að ræða.

Þegar staða mála er greind betur segja Bendasamtök Íslands að hækkun afurðaverðs til bænda 2021-2023 sé 15,9 milljardar kr. Rekstrar-gjöld og vextir hafi á sama tímabili hækkað um 24,5 milljarda. Munurinn á tekjum og hærri gjöldum sé 8,6 milljardar kr. og þá upphæð þursi bændur sjálfir að bera.

### Mikil skuldsetning

„Búrekstri fylgir mikil skuldsetning og fjárbinding til langs tíma, þó að velta sé ekki endilega mikil. Hár vextir nú eru í raun naglinn í kistuna, þannig að öll sund eru að lokast. Vandinn er hins vegar sá að enginn getur tekið við af þeim bændum sem vilja hætta. Skuldirnar hverfa ekki og því er fólk í raun í alveg læstri stöðu. Velja þarf hvað skuli maeta afgangi. Skepnurnar má ekki vanrækja né heldur afsorganir af lánum. Eini möguleikinn er að bæta við sig vinnu, sem kemur þá niður á fjölskyldu og börnum sem er

auðvitað mjög sárt fyrir alla,“ segir Steinþór.

Eignir sem standa að baki kúabúi í íslenskri sveit eru í dag, skv. nýlegri greiningu, um 850 milljónir kr. en meðalskuldir um 120 milljónir. Sett hefur verið fram að eftir miklar vaxtahækkanir að undansfornu hafi afsorganir af skuldum á því róli sem að framan er lýst hækkað um 12 milljónir kr.

### Aukavinna bjargar ekki

„Þegar hækkunin er slíð verða úr því tölur sem menn bjarga sér ekkiert um með aukavinnu,“ segir Steinþór um stöðu mísla. Hann kveðst varðandi lausnir á vandamálunum sem nú eru uppi líta til nýlega skipaðs starfshóps ráðuneytisjóra sem ætlað er að meta stöðuna í landbúnaði og kenna farar leiðir. Ekki síst sé þórf á því að mæta stöðu ungra bænda, þeirra sem gjarna skulda mest og eru í þróngri stöðu.

Í því efni hafi meðal annars verið nefnd sú hugmynd að bjóða ungu fólk sem vill hasla sér völl í búskap lán í gegnum Byggðastofnun sem væri til langs tíma og á fóstum lágum vöxtum. Fleira sem greitt gæti úr erfðri stöðu komi til greina og allt sílt verði rætt á fundinum næstkomandi fimmudag sem hefst kl. 13.